

**Staðfesting konungs** á skipulagsskrá fyrir »Líknarsjóð Sigríðar Melsted«, útgefin á venjulegan hátt ad mandatum af ráðherra Íslands 13. okt. 1914 13 okt. 100  
Skipulagsskráin er þannig:

## Skipulagsskrá

fyrir „Líknarsjóð Sigríðar Melsted“.

### Gjafabréf.

Jeg undirritaður gef hjermeð eignarjörð mína Keldnakot í Stokkseyrarhreppi í Árnessýslu, 11.12 hndr. að dýrleika að nýju mati, með öllum þeim gögnum og gæðum, sem henni fylgja, til þess að stofnsetja með henni sjóð einn með þeim skilyrðum sem hjer segir:

#### 1. gr.

Sjóður þessi skal bera nafn frændkonu minnar, Sigríðar Melsted, og heita »Líknarsjóður Sigríðar Melsted«.

Nafni þessu má aldrei breyta.

#### 2. gr.

Líknarsjóður þessi skal vera handa ógiftum, heilsuveikum og bágstöddum konum, einkum þeim, sem aldar hafa verið upp á góðum og siðprúðum heimilum, og eru siðprúðar.

#### 3. gr.

Jörðina Keldnakot má eigi selja, gefa nje afhenda, heldur skal hún vera ævarandi eign sjóðsins.

#### 4. gr.

Afgjaldið af Keldnakoti og annað fje Líknarsjóðsins skal ávaxta í aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands, þangað til það er orðið 150.000 — eitt hundrað og fimtíu þúsund — krónur. Þá skulu renturnar af þeim lagðar í útborgunardeild Söfnunarsjóðsins, þangað til þar hefir með rentum og renturentum safnast nægilegt fje, um 100,000 — eitt hundrað þúsund — krónur, til þess að reisa vandað steinhús og heimili handa ógiftum, heilsuveikum, bágstöddum konum, eins og fyr er sagt, en sem eru þó eigi svo veikar, að þær eigi heima á geðveikraheimili. Heimili þetta skal bera nafn Sigríðar Melsted (Líknarheimili Sigríðar Melsted).

#### 5. gr.

Heimili þetta skal vera í sveit á Suðurlandi, þar sem hægt er til aðflutn-

**100** inga, svo sem í Keldnakoti eða á annari hagkvæmri jörð, sem fengist með góð-  
 13. okt um kostum. Þó skal eigi valinn staður handa því austar en í Árnessýslu, og eigi  
 vestar eða norðar en í Stafholtstungum í Mýrasýslu.

## 6. gr.

Árstekjunum af 150000 — eitt hundrað og fimtíu þúsund — krónum, og af öðru því, sem sjóðurinn kann að eignast, skal verja til þess að reka heimilið. Þess skal árlega gætt, að halda vel við húsi (eða húsum) heimilisins, svo að það gangi eigi úr sjer. Allar þær konur, sem fá vist á líknarheimilinu, skulu fá þar ókeypis húsnæði. hjúkrun og læknishjálp. Því, sem þá verður eftir af tekjum sjóðsins, skal mestmegnis varið til þess að styrkja hinar fátækustu konur á líknarheimilinu, svo að þær einnig fái ókeypis fæði og fót, ef þær þurfa. Það, sem kann að verða afgangs af árstekjum sjóðsins, skal lagt við höfuðstólinn, og skal þess gætt, að auka hann eftir föngum.

## 7. gr.

Konur, sem engan eiga að, getur stjórn heimilisins tekið á heimilið æfi langt, eftir því sem hún sjer sjer fært, og annast þær gegn því, að eign þeirra falli í sjóð heimilisins.

## 8. gr.

Ef landsmenn reisa gott heimili handa ógiftum, heilsuveikum, bágstöddum konum, eins og hjer er fyrirskipað, áður en líknarsjóðurinn getur látið gera það, er stjórnarráðinu heimilt að láta verja árlega  $\frac{9}{10}$  — níu tíundu hlutum — af árstekjum sjóðsins til þess að styrkja slíkar konur, sem hjer ræðir um, til þess að dvelja á slíku líknarheimili.

## 9. gr.

Líknarsjóður þessi stendur undir stjórn stjórnarráðs Íslands, 1. deild þess, eftir því sem nú er málum skift. Reikning sjóðsins skal árlega birta í Stjórnartíðindunum.

## 10. gr.

Á þessari skipulagsskrá skal stjórnarráðið fá konunglega staðfestingu.

P. t. Reykjavík, 18. ágúst 1914.

*Bogi Th. Melsted.*

Vitundarvottar:

Jón Hermannsson.

Jóhann Kristjánsson.